

55  
15. júní

# Auglýsing

## um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er hjermeð staðfest eftirrituð

## lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.

### I. Kafli.

#### Um reglu og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

A almannafæri mega upphot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur, sjógarðar o. s. frv.

##### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þelm fyrir mælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

##### 3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götujúðri sem auðið er. Við krossgötu skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar. —

##### 4. gr.

A almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, eða þá, sem búa í nágrenninu.

##### 5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

## 6. gr.

55

15. júní

A fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur afstafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemtarnir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

## 7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannaferi, nje tíðka skot á höfninni. A almannaferi má eigi kvelkja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má að eins gera með sjerstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkid er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sje gætt.

## 8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannaferi, eða í búningi, sem misbíður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, eða með því að sýna af sjer ósæmilegt látbragð, svo sem fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. s. frv. —

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sjest drukkinn á almannaferi, og hver sem verður sekur um það, skal sæta sektum er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

## 9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins, eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

## 10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaferi, er skyldur að segja til nafus síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlyða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafid sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannaferi, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

## II. Kafi.

Akvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

## 12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á ljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

## 13. gr.

An leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu og sje slíkt leyfi veitt, þá að eins á þeim stað sem leyfið tiltekur. Börn, yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð, og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

## 14. gr.

An leyfis húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, á húsriðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir nje fara inn í hlybli hans í söluerindum.

## 15. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarstaðar á almannafæri og byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

Um ljái, gaddahrifur skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, skal svo búíð, að enginn hætta stafi af þeim

## 16. gr.

A almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sér vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningi stendur; en gæta skal þess að það geri sem minstan farartálma. Að flutningum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma. Bajarstjórinn ákveður í samráði við lögreglustjóra hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutnings, og getur sett sjerstakar reglur þar að lútandi.

## 17. gr.

A almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu er hindri umferðina eða gerir hana hættulega t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. A almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfduka, viðra sængurföt hengja fót til þerris eða annað þesskonar.

## 18. gr.

Vöruskápa, sjálfসা gluggaskýflur, anglýsingaspjöld eða annað þessháttar má eigi hengja utan á hús þannig að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri má eigi láta standa jurtaþotta eða neitt það er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

## 19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálm, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þesskonar á almannafæri nje heldur skvettu þar vatni eða öðru er haft getur í för með sjer hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

## 20. gr.

Foreldrum og öðrum, er ganga í þeirra stað, er skylt að annast um að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu frá 1. september til 14. maí og ekki seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum

## 21. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu í dimmu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

## 22. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús rífið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burtu er húsgerðinni er svo langt komið, að því verði viðkomið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma skal taka burtu, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burtu, án þess að annað sje bygt í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá grunninum, að ekki stafi af hætta eða óþrifnaður, eða óþryði sje að.

## 55

15. júní

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málningu, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járnköddum að neðan, ef stigin er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannaferi eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

## 24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbætur svo sem þörf gerist til að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Akvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trjevegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

## 25. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannaferi, skulu vera nægilega traustar, og þeir sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

## 26. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járn eða öðrum málm eða beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi uns hjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járn eða öðrum málm eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 centimetrar.

## 27. gr.

Um þakrennur og afrenslu af húsum í göturæsin eða rennurnar skal svo umbúð, sem fyrir kann að vera mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins.

## 28. gr.

Þegar höfnina leggur, má enginn fara út á ísinu fyr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann. Enginn má heldur taka ís af Pollinum eða höggva vakir í hann, nema með samþykki lögreglustjóra, og ákveður hann þá jafnframt hvernig vakirnar skulu girtar eða auðkendar, svo að engin hætta stafi af þeim.

## 29. gr.

Eigi má kasta í Pollinn eða fjöruna við hann, grjóti, mól, sandi, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, matarleifum eða öðru slíku, nje skilja það þar eftir.

## III. kafli.

55

15. júní

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

## 30. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar, er lögreglan gefur þeim merki til þess.

A almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki og þar sem mikil umferð er, gatan er mjó eða farartálmi á veginum, skal að eins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir til bera, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

## 31. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

## 32. gr.

Ríðandi mönnum, lestaönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengi viðdvol á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

## 33. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að verða mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel gyrtur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

## 34. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera fullsterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hest í höfuð fætur eða nára.

## 35. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

## 55

15. júní

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla vagnaumferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

## 36. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarjaðri til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. A götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

## 37. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

## 38. gr.

A miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst götująðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða götująðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau.

## 39. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. A almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

## 40. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna að því við bættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrist í hæfilegri fjarlægð. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, sbr. lög um notkun bifreiða nr. 88, 14. nóvbrm. 1917.

## 41. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

## IV. kafli.

## Um reiðhjól.

## 42. gr.

Peir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess, er hjer segir:

a. A hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá er stýrir hjól-

um, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báða fætur á stig-sveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað 15. júní umferðina. **55**

- b. A hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót.
- c. Þegar dimt er, skal á hverjum hjólum vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.
- d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 12 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur. Skytt er hjólamannti að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist óró.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla inn eða út úr hliðum.
- f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim sem slasast hefir ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

#### V. kafli.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

#### 44. gr.

Fjenaður má ekki hafast við gæslulaus á götum bæjarins og er eigendum jafnan skytt að láta mann fylgja honum í haga eða fjöru. Ef út af þessu er brugðið varðar það eiganda sektum. Eunfremur greiði hann kostnað við handsömun og varðveislu búfjárins og má selja það til lúkningar kostnaðinum, ef eigandi greiðir hann ekki. Fjenaði má þó beita í fjöruna frá 15. september til 30. maí.

Akvæði greinar þessarar ná einnig til geitfjár. Eftir fráfarur og fram til rjetta má gelt geitfje ekki ganga í landi bæjarins.

#### 45. gr.

A almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins nema fluttir sjeu úr haga og í. Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sjer eða fara á hlaupum um göturnar, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fódra.

Um kostnað fer eins og segir í 44. gr.

#### 46. gr.

A götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sjer,

**55** Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjólum, nje fleiri en tvo lausa 15. júní hesta samsíða.

47. gr.

Nautgripir, sem fluttir eru til bæjarins, skulu ávalt leiddir í bandi nægilega traustu, og skulu nægir gæslumenn fylgja hverjum nautgrip. Það er með öllu bannað að binda nautgripi í tagl á hesti.

48. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri, þær fyrirskipanir, sem nauðsyulegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

VI. kafli.

Um hunda.

49. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu ÍS og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisþjóldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur, sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, er rjett dræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan þriggja daga eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Rjettdræpir eru einnig þeir hundar, sem raska svefufriði manna með gelti og spangóli á næturþeli og skulu eigendur þeirra sæta sektum samkvæmt 80. gr.

50. gr.

Grimma hunda og hunda, sem ónáða menn með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagðri sekt samkvæmt 80. gr.

51. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver, sem brýtur á móti þessu, skal sæta sektum, þó ekkert tjón hafi hlotist af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

52. gr.

Blóðhunda eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörslu, hvorki utanhúss nje innan.

53. gr.

Skylt er lögreglustjóra að hafa sjerstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð bæjarins um lækning hunda af bandormum.

VII. kafli.

Um friðua almenningseigna o. fl.

54. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsnota eða

til þrýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, síma rafleiðslutæki götu- **55**  
ljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þessháttar má 15. júní  
enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita eða rispa, tjarga, mála eða  
teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trjegirðingum, sem liggja  
að almannafæri.

Veiðirjettur í landi bæjarins er óheimill, nema með leyfi bæjarstjóra og samþykki lög-  
reglustjóra Eigi nær þó þetta til fiskveiða eða síldar. Leyfi bæjarstjóra þarf til skelfiskstöku,  
sands, malar og grjóts í landi bæjarins.

## 55. gr.

Enginn má skemma girðingar sem eru við almannafæri, nje setjast á þær eða klifra  
yfir eða upp um þær

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjagarða, hvort sem eru  
girtir eða ógirtir.

## 56. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða  
jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla  
eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn.

Skepnr mega ekki hafast við í kirkjugarðinum. Vanræki eigendur gæslu búpenings  
í þessu efni, varðar það sektum og kostnaði við handsömun búfjársins samkvæmt 44. gr.

Börn, yngri en 14 mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með  
fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

## VIII. Kafli.

Um götuspjöld, hústölur og uppfestar auglýsingar.

## 57. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin  
götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa  
á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef á  
þarf að halda.

## 58. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum  
stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg sem  
þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er  
að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa  
verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögnum.

## 59. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu auglýsendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi  
sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má engin rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á  
annan hátt.

## 60. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almennu veitingasala, matar og óáfengra drykkja, eða gististaðir fyrir almenning skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

A öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 61. gr.

A almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta druknum manni í tje neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, matar og óáfengra drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi sem er á móti góðri reglu og velsæmi

## 62. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11  $\frac{1}{2}$  að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en  $\frac{1}{2}$  stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram- yfir hinn tiltekna tíma.

## 63. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennings þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrasyningar o. s. frv. eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

## 64. gr.

Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum, nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

## 65. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemtanir nje heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. An leyfis lögreglustjóra má ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi bly.

Auk þess gjalds í bæjarsjóð fyrir skemtanir, sem getur um í 63., 64. og 65. gr., **55** skal greiða skemtanaskatt, sem ákveðinn kann að verða með reglugerð samkvæmt lögum 15. júní 22. nóv. 1918 um skemtana skatt.

## 66. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleiki, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

## 67. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til að halda skemtanir samkvæmt 63.—65. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sjerhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

## 68. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um að því sje ávalt baldið vel hreinu.

## X. Kafli.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

## 69. gr.

A almannaferi má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Eigi má heldur fleygja neinu slíku í Pollinn. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað geti vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna nje fram af sjógorðum eða öðrum bryggjum en þeim, sem til þess eru ætlaðar. Eigi má heldur skilja þar eftir neitt þesskonar, er valdið getur óþrifnaði eða óheilnæmi.

## 70. gr.

Hey, þang, mó, mold eða þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um almannaferi, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.

## 71. gr.

Aburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má að eins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

## 55

15. júní

A húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng, nje annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönnur við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

## 72. gr.

A tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

## 73. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlindum gryfjum vandlega byrgðum, enda veitti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

## 74. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús hans, eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

## 75. gr.

Þegar bærinn leggur holræsi í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða alt skólþ frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur og sjá um að afrensi í þeim stíflist ekki.

## 76. gr.

Götur bæjarins og almannasvæði skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

## XI. kafli

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

## 77. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alt lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, en skal, nema hitt sje beint tekið fram því að eins beitt utan Skutilsfjarðareyrar að Hlíðarvegi, að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

## 79. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-  
reglumál.

55  
15. júní

## 80. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Hagnaður sá, er sökunaður kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

## 81. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. — Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

## 82. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

## 83. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað 21. nóvbrm. 1893 með viðauka 7. ágústm. 1913 og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1920.**

**Jón Magnússon.**

*G. Sveinbjörnsson.*